



Bókun áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum Reykjavíkur

114. fundur skóla- og frístundaráðs, 22. febrúar 2017, [sjá fundargerð](#)

10. liður

Vegna svars sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa um fundartími og skipulag funda skóla- og frístundaráðs.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum þakkar fyrir svar við fyrirspurn um fundarskipulag skóla- og frístundaráðs, deildarskiptingu fundarefna. Þetta er í annað sinn sem áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum leggur fram fyrirspurn sem þessa til ráðsins um endurskoðun fundartíma og fundarskipulags. Áheyrnarfulltrúi foreldra í grunnskólum skilur ávinning fyrir kjörna fulltrúa og starfsmenn sviðsins sem felst í því að að taka þátt í umræðu um mál óháð skólastigum í sameinuðu ráði leik- grunn- og frístundamála. Það er líka áhugavert fyrir lögbundna áheyrnarfulltrúa að geta tekið þátt í heildstæðri umræðu um skólamál. Skóla- og frístundaráð er stærsta ráðið innan borgarkerfisins, en það hefur jafnframt þá mikilvægu sérstöðu að hafa mikinn fjölda lögbundinna áheyrnarfulltrúa, alls 8 manns, síðan bætast við embættismenn og starfsmenn sviðsins frá ýmsum fagskrifstofum. Ljóst er að aðstæður og aðkoma áheyrnarfulltrúa er önnur á þessum fundum, þeir eru t.a.m. í annarri vinnu og fundir ráðsins taka lungan úr vinnudegi flestra, sem getur verið hindrun fyrir þátttöku. Áheyrnarfulltrúi leggur áherslu á mikilvægi þess að endurskoða fundartíma ráðsins reglulega og hann taki mið af ólíkri aðkomu þátttakenda.